

Fimmtudaginn 24. nóvember 1994.

Nr. 385/1992.

Jóhanna Tryggvadóttir og

Evrópuferðir

gegn

Halldóri Ástvaldssyni

(Pórunn Guðmundsdóttir hrl.)

Mál fellt niður. Málflutningshæfi. Leiðbeiningarskylda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 8. október 1992. Þeir krefjast sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandinn Jóhanna Tryggvadóttir sjálf flutt þetta mál fyrir sína hönd og firma síns, Evrópuferða. Hún er ekki lögfræðingur að mennt, og hafa henni því verið veittar leiðbeiningar um rekstur og flutning málsins, sbr. 4. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 166. gr. sömu laga, eins og henni var breytt með lögum nr. 38/1994.

Ýmis atriði hafa farið úrskeiðis í málatilbúnaði áfrýjenda. Meðal annars eru málsástæður þeirra um margt óljósar og á reiki, auk þess sem lagasjónarmiðum þeim til stuðnings eru ekki gerð skil. Þá er gagnaöflun af hálfu áfrýjenda verulegum annmörkum háð. Þannig hafa þeir lagt fram mikinn fjölda gagna til stuðnings gagnkröfu, sem þeir telja sig eiga á hendur stefnda, en flest þessara gagna eru með þeim hætti, að ófært yrði að byggja á þeim við úrlausn málsins. Önnur gögn, sem áfrýjendur hafa lagt fram, geyma mörg hver skriflegan málflutning, og enn önnur varða ekki þetta mál. Fyrir Hæstarétti lutu leiðbeiningar meðal annars gagngert að því, að áfrýjendum væri ekki rétt að leggja fram gögn á þann hátt, sem raun varð á. Þá er enn til þess að líta, að munnlegur málflutningur fyrir Hæstarétti af hálfu áfrýjenda var ekki þannig, að hann kæmi að haldi. Í

heild vantar þannig verulega á, að málatilbúnaður áfrýjenda hafi verið í lögmætu horfi.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandinn Jóhanna Tryggvadóttir áður flutt mál, sem hún hefur ýmist sjálf verið aðili að, firmu hennar eða maki hennar, með þeim hætti, að aðfinnslum hafi sætt. Í dómi í máli nr. 439/1993, upp kveðnum 24. nóvember 1993, var gerð sú athugasemd, að það mál hefði verið hið fjórða, sem hún flytti fyrir dóminum á nokkrum dögum, en málin öll verið viðameiri en svo, að það hafi getað verið á færi annarra en málflutningsmanna að búa þau í hendur dómstólum á viðunandi hátt. Í dómi, upp kveðnum 29. apríl 1994, í máli nr. 172/1994 var málatilbúnaður Jóhönnu Tryggvadóttur, sem flutti málið af hálfu maka síns, talinn stórlega vítaverður, og var sérstaklega að því fundið, að meginhluti gagna og málsástæðna, sem þar hafi verið byggt á, hefðu í engu varðað málið. Í dómi 18. maí 1994 í máli nr. 185/1994 var talið ljóst, að ekki væri á færi Jóhönnu Tryggvadóttur að reka mál þannig fyrir dómstólum, að viðunandi væri, en um þetta var einnig vísað til áðurnefndra tveggja dóma. Í dóminum, sem gekk í kærumáli, var bent á, að héraðsdómara í málinu væri rétt að taka afstöðu til þess, hvort þar bæri að neyta úrræða 6. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991.

Í tilefni fyrirhugaðs flutnings þessa máls og með vísan til 6. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991 beindi Hæstiréttur því bréflega til Jóhönnu Tryggvadóttur 17. október sl., að hún réði sér hæfan umboðsmann til að flytja það, og var henni veittur sérstakur frestur í því skyni. Var meðal annars vakin þar athygli á því, hvernig ráðgert sé í ákvæðinu, að bregðast megi við, ef málsaðili fer ekki að slíkum tilmælum. Þessum tilmælum var ekki sinnt. Undir rekstri málsins hafa henni oftsinnis verið veittar leiðbeiningar, sem hafa lítinn sem engan árangur borið. Þegar þetta er virt svo og þeir stórfelldu annmarkar, sem eru á málatilbúnaði og málflutningi Jóhönnu Tryggvadóttur í þessu máli og áður er getið, verður að telja sýnt, að hana skorti hæfi til að flytja mál sitt fyrir dómi.

Samkvæmt þessu verður ekki komist hjá því að beita ákvæðum 6. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991 í máli þessu og fara þannig með það eins og ekki hafi verið sótt þing við munnlegan flutning þess af hálfu áfrýjenda. Með vísan til 2. mgr. 157. gr. sömu laga, sbr. 11. gr. laga nr. 38/1994, verður mál þetta því fellt niður fyrir Hæstarétti. Verða

áfrýjendur dæmdir til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Mál þetta er felld niður fyrir Hæstarétti.

Áfrýjendur, Jóhanna Tryggvadóttir og Evrópuferðir, greiði sameiginlega stefnda, Halldóri Ástvaldssyni, 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.
